

Dómsorð:

Stefndi, Örn Bjartmars Pétursson, greiði stefnanda, Margréti Guðmundsdóttur, kr. 13.500.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 2. nóvember 1966 til greiðsludags og kr. 3.500.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 18. desember 1968.

Nr. 232/1968. **Ákærvaldið**

gegn

Sverri Brynjari Sverrissyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Dómssátt úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 2. desember 1968, sem hingað barst 5. s. m., hefur saksóknari ríkisins samkvæmt 6. mgr. 1. gr. laga nr. 29/1966 um breyting á lögum nr. 82/1961 um meðferð opinberra mála kært til ógildingar ákvörðun héraðsdómara á dómþingi 27. júní 1968 um að ljúka máli á hendur kærða, Sverri Brynjari Sverrissyni, með sáttargerð.

Með dómi sakadóms Akureyrar 4. ágúst 1965 var kærði dæmdur til að sæta varðhaldi 10 daga og sviptur ökuleyfi 12 mánuði fyrir brot gegn 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Hinn 11. janúar 1968 kærðu þrír lögreglumenn á Akureyri kærða fyrir að hafa aðfaranótt þess dags ekið bifreiðinni A 883 undir áhrifum áfengis. Var kærða tekið blóð til rannsóknar, og reyndist það innihalda „reducerandi“ efni, er svara til 1.03% alkóhóls. Viðurkenndi kærði brot sitt. Héraðsdómariinn ákvað að ljúka málinu með dómssátt, þannig

að kærði samþykkti að greiða kr. 4.000.00 sekt í ríkissjóð, en sæta ella varðhaldi 8 daga, yrði sektin ekki greidd fyrir 15. júlí 1968, og vera sviptur ökuleyfi sínu í 6 mánuði frá 11. janúar 1968 að telja. Föllst kærði á sátt þessa.

Samkvæmt ákvæðum 4. mgr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958, sem í gildi voru, er ákærði ók greindri bifreið hinn 11. janúar 1968, varða itrekuð brot gegn 1., 2., sbr. 3. mgr. 25. gr. sömu laga varðhaldi eða fangelsi. Héraðsdómara var því samkvæmt skýlausum ákvæðum 2. tl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 29/1966 heimildarlaust að ljúka máli þessu með sátt, og ber því samkvæmt 6. mgr. 1. gr. sömu laga að fella dóms-sáttina úr gildi.

Dómsorð:

Dómssátt sú, sem Sverrir Brynjar Sverrisson gekkst undir fyrir sakadómi Akureyrar 27. júní 1968, er úr gildi felld.

Dómssátt í sakadómi Akureyrar 27. júní 1968.

Ár 1968, miðvikudaginn 27. júní, var sakadómur Akureyrar settur í skrifstofu bæjarfógetans á Akureyri og haldinn í föfllum bæjarfógeta af fulltrúa hans, Ingvari Gíslasyni, með undirrituðum vottum. Fyrir var tekið að halda rannsókn í tilefni af kæru um ölvun við akstur.

Til staðar í dómi eru dómsskjöl, sem lögð voru fram í sakadómi Akureyrar 17/5 1968, blóðtökuvottorð, lögregluskýrsla og niðurstaða blóðrannsóknar, sem sýnir alkóhólmagn 1.03%.

Í réttinum var mættur kærði, Sverrir Brynjar Sverrisson sjómaður, Skógum, Glæsibæjarhreppi, Eyjafjarðarsýslu. Fæddur 8. júlí 1945.

Kærði játar, að efni kærunnar sé rétt og kannast við ofangreint brot sitt, sem varðar við 2., sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga, sbr. 45. gr. sömu laga. Hann fellst á að greiða kr. 4.000.00 í sekt til ríkissjóðs til að sleppa við málssókn út af brotinu.

Sektin greiðist fyrir 15. júlí n. k., en ella sæti kærði í hennar stað varðhaldi 8 daga.

Málkostnaður, kr. 1.000.00, greiðist á sama tíma.

Hann er sviptur ökuleyfi frá 11. janúar til 11. júlí 1968.

Brotið hefur ítrekunarverkun á síðari brot, sbr. 71. gr. laga nr. 19/1940.

Dómarinn lét málssókn falla niður.
